

Þeistareykir, Krafla og Bjarnarflag

**Afköst borhola og efnainnihald
vatns og gufu í borholum og
vinnslurás árið 2021**





Peistareykir, Krafla og Bjarnarflag

Afköst borhola og efnainnihald vatns og gufu í borholum og vinnslurás árið 2021

Höfundar
Trausti Hauksson

Dagsetning
Desember 2021

Lykilsíða

Skýrsla LV nr	LV-2021-051	Dagsetning	Desember 2021
Fjöldi Síðna	68	Upplag	1
Dreifing	<input type="checkbox"/> Birt á vef LV	<input checked="" type="checkbox"/> Opin	<input type="checkbox"/> Takmörkuð til [Dags.]
Titill	Þeistareykir, Krafla og Bjarnarflag. Afköst borhola og efnainnihald vatns og gufu í borholum og vinnslurás árið 2021		
Höfundar/fyrirtæki	Trausti Hauksson		
Verkefnisstjóri	Ásgerður Sigurðardóttir		
Unnið fyrir	Landsvirkjun		
Samvinnuaðilar	Kemía, samningur 2396		
Útdráttur	<p>Skýrslan fjallar um árlegt eftirlit með borholum og vinnslurás orkuveranna á Þeistareykjum, við Kröflu og í Bjarnarflagi. Mæliniðurstöður eru birtar fyrir allar borholur sem voru blásandi þegar sýnin voru tekin. Fjallað er um breytingar á afköstum borhola og á styrk efna í borholuvatni og gufu á milli ára. Mat er lagt á útfellingahættu í gufuveitu og niðurdælingarholum. Birtar eru mælingar á efnastyrk frárennslisvatns og útblásturgass frá stöðvunum.</p>		
Lykilorð	Þeistareykir, Krafla og Bjarnarflag 2021. Efnasamsetning strauma í vinnslurás. Afköst borhola. Efnainnihald vatns og gufu. Efnasamsetning og flæði frárennslis og útblásturgass.		

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	ÞEISTAREYKIR	5
2.1	AFKASTAMÆLINGAR.....	7
2.1.1	<i>Afköst borhola</i>	7
2.2	EFNAMÆLINGAR.....	13
2.2.1	<i>Vatn og gufa úr borholum</i>	13
2.2.2	<i>Vinnslurás</i>	23
2.2.3	<i>Frárennsli</i>	25
3	KRAFLA	29
3.1	AFKASTAMÆLINGAR.....	31
3.1.1	<i>Afköst borhola</i>	31
3.2	EFNAMÆLINGAR.....	38
3.2.1	<i>Vatn og gufa úr borholum</i>	38
3.2.2	<i>Vinnslurás</i>	46
3.2.3	<i>Frárennsli</i>	49
4	BJARNARFLAG	52
4.1	AFKASTAMÆLINGAR.....	53
4.1.1	<i>Afköst borhola</i>	53
4.2	EFNAMÆLINGAR.....	56
4.2.1	<i>Vatn og gufa úr borholum</i>	56
4.2.2	<i>Vinnslurás</i>	60
4.2.3	<i>Frárennsli</i>	60
5	NIÐURSTÖÐUR	62
5.1	ÞEISTAREYKIR.....	62
5.2	KRAFLA.....	62
5.3	BJARNARFLAG.....	63
6	HEIMILDASKRÁ	64

VIÐAUKI 1	Meðhöndlun sýna og efnagreiningaaðferðir.....	65
------------------	--	----

TÖFLUSKRÁ

		bls
Tafla 1	Þeistareykjastöð, afköst tengdra borhola sumarið 2021.....	7
Tafla 2	Þeistareykjastöð, borholur. Styrkur aðalefna í vatni og gufu árið 2021	14
Tafla 3	Þeistareykjastöð, borholur. Þungmálmur í skiljuvatni árið 2021	15
Tafla 4	Þeistareykjastöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2021	15
Tafla 5	Þeistareykjastöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2021.....	16
Tafla 6	Þeistareykjastöð, kísilstyrkur og mettunarhlutfall kísils í borholuvatni.....	16
Tafla 7	Þeistareykjastöð, efnagreining gufu, sýnataka 2021-05-17	24
Tafla 8	Þeistareykjastöð, efnagreining gass, sýnataka 2021-05-17 og 2021-05-18.....	24
Tafla 9	Efnasamsetning vatns í Þeistareykjastöð 2021	26
Tafla 10	Þeistareykjastöð. Hitaveituhola ÞR-14.	26
Tafla 11	Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Þeistareykjastöð 2021	27
Tafla 12	Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.....	27
Tafla 13	Kröflustöð, afköst tengdra borhola sumarið 2021	31
Tafla 14	Kröflustöð. Styrkur efna í vatni og gufu borhola árið 2021.....	39
Tafla 15	Styrkur þungmálma í borholusýnum í Kröflu 2021.	40
Tafla 16	Kröflustöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2021.	40
Tafla 17	Kröflustöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2021.....	41
Tafla 18	Kröflustöð, efnagreining gufu inn í stöð, sýnataka 2021-06-14.....	47
Tafla 19	Kröflustöð, efnagreining gass, sýnataka 2021-06-15	47
Tafla 20	Kröflustöð. Kælivatnssýni árið 2021.....	48
Tafla 21	Kröflustöð. Frárennslissýni árið 2021.....	50
Tafla 22	Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Kröflustöð 2021.....	50
Tafla 23	Bjarnarflag. Afköst borhola 2021.....	53
Tafla 24	Bjarnarflag, borholur. Gas í gufu 2021.	56
Tafla 25	Bjarnarflag, borholur . Berghiti 2021.....	56
Tafla 26	Bjarnarflag. Styrkur efna í vatni og gufu úr borholum árið 2021.	57
Tafla 27	Bjarnarflag, borholur. Þungmálmur í skiljuvatni árið 2021.	57
Tafla 28	Bjarnarflag. Frárennslissýni 2021.	61
Tafla 29	Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Bjarnarflagi 2021	61

MYNDASKRÁ

		bls
Mynd 1	Þeistareykjastöð. Gufuborholur 2021 (Orkustofnun borholuskrá).....	6
Mynd 2	Borholur á A-teigi. Vermisamkvæmt afkastamælingum.....	8
Mynd 3	Borholur á A-teigi. Gufurennsli á móti tíma.....	8
Mynd 4	Borholur á A-teigi. Rennsli skiljuvatns á móti tíma.....	9
Mynd 5	Borholur á B og C-teigi. Vermisamkvæmt afkastamælingum.....	10
Mynd 6	Borholur á B og C-teigi. Rennsli gufu á móti tíma.....	10
Mynd 7	Borholur á B og C-teigi. Rennsli skiljuvatns á móti tíma.....	11
Mynd 8	Þeistareykjastöð, allar tengdar holur. Vegið meðaltal vermis.....	12
Mynd 9	Þeistareykjastöð, allar tengdar holur. Vegið meðaltal gufu- og vatnsrennslis.	12
Mynd 10	Borholur á A-teigi. CO ₂ í gufu á móti tíma.....	17
Mynd 11	Borholur á A-teigi. H ₂ S í gufu á móti tíma.....	17
Mynd 12	Borholur á A-teigi. SiO ₂ í vatni á móti tíma.....	18
Mynd 13	Borholur á A-teigi. Al í vatni á móti tíma.....	18

Mynd 14	Borholur á A-teigi. Cl í vatni á móti tíma.	19
Mynd 15	Borholur á B og C-teigi. CO ₂ í gufu á móti tíma.	20
Mynd 16	Borholur á B og C-teigi. H ₂ S í gufu á móti tíma.	20
Mynd 17	Borholur á B og C-teigi. SiO ₂ í vatni á móti tíma.	21
Mynd 18	Borholur á B og C-teigi. Al í vatni á móti tíma.	21
Mynd 19	Borholur á B og C-teigi. Cl í vatni á móti tíma.	22
Mynd 20	CO ₂ og H ₂ S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.	22
Mynd 21	Flæðirit fyrir Þeistareykjastöð í maí 2021.	23
Mynd 22	Þeistareykjastöð. Kísilmettun í niðurdælingarvatni.	28
Mynd 23	Tengdar og blásandi borholur í Kröflu árið 2021 (Orkustofnun-borholuskrá).	30
Mynd 24	Leirbotnar. Vermis samkvæmt afkastamælingum.	32
Mynd 25	Leirbotnar, gufurennisli úr holum.	32
Mynd 26	Leirbotnar, vatnsrennisli úr holum.	33
Mynd 27	Suðurhlíðar, vermis samkvæmt afkastamælingum.	33
Mynd 28	Suðurhlíðar, gufurennisli úr holum.	34
Mynd 29	Suðurhlíðar, vatnsrennisli úr holum.	34
Mynd 30	Vesturhlíðar, vermis samkvæmt afkastamælingum.	35
Mynd 31	Vesturhlíðar, gufurennisli úr holum.	35
Mynd 32	Vesturhlíðar, vatnsrennisli úr holum.	36
Mynd 33	Vegið meðaltal vermis úr blásandi borholum í Kröflu.	37
Mynd 34	Samtals gufu og vatnsrennisli úr blásandi borholum í Kröflu.	37
Mynd 35	Leirbotnar, CO ₂ í gufu á móti tíma.	42
Mynd 36	Leirbotnar, H ₂ S í gufu á móti tíma.	42
Mynd 37	Leirbotnar, SiO ₂ í vatni á móti tíma.	43
Mynd 38	Leirbotnar, SO ₄ í vatni á móti tíma.	43
Mynd 39	Suðurhlíðar, CO ₂ í gufu á móti tíma.	44
Mynd 40	Vesturhlíðar Kröflu, CO ₂ í gufu á móti tíma.	44
Mynd 41	Vesturhlíðar Kröflu, H ₂ S í gufu á móti tíma.	45
Mynd 42	CO ₂ og H ₂ S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.	45
Mynd 43	Flæðirit fyrir Kröflustöð í júní 2021.	46
Mynd 44	Kröflustöð. Kísilmettun í niðurdælingarvatni.	51
Mynd 45	Tengdar og blásandi holur í Bjarnarflagi 2021 (Orkustofnun-borholuskrá).	52
Mynd 46	Bjarnarflag. Vermis samkvæmt afkastamælingum.	53
Mynd 47	Bjarnarflag, gufurennisli úr holum.	54
Mynd 48	Bjarnarflag, vatnsrennisli úr holum.	54
Mynd 49	Vegið meðaltal vermis úr blásandi borholum í Barnarflagi.	55
Mynd 50	Samtals gufu og vatnsrennisli úr blásandi borholum í Barnarflagi.	55
Mynd 51	Bjarnarflag, CO ₂ í gufu á móti tíma.	58
Mynd 52	Bjarnarflag, H ₂ S í gufu á móti tíma.	58
Mynd 53	Bjarnarflag, SiO ₂ í vatni á móti tíma.	59
Mynd 54	CO ₂ og H ₂ S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.	59
Mynd 55	Flæðirit fyrir Bjarnarflagsstöð í júní 2021.	60

1 INNGANGUR

Í maí og júní 2021 voru tekin vatns- og gufusýni úr samtals 6 gufuholum á Þeistareykjum, 15 holum í Kröflu og 2 holum í Bjarnarflagi til árlegs eftirlits. Að auki voru tekin sýni úr vinnslurásum Þeistareykjastöðvar, Kröflustöðvar og Bjarnarflagsstöðvar þ.e. af gufu inn á vélar, gasútblæstri, kælivatni og einnig úr skiljuvatni, frárennsli og niðurrennsli vatni.

Trausti Hauksson sá um sýnatökur og efnagreiningar á staðnum og sumarstarfsmenn þau Teitur Hinrichsen, Hulda Kristín Helgadóttir, Alma Stefánsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir aðstoðuðu við sýnatökur. Helgi A. Alfreðsson hjá Geochemý tók nokkur sýni og greindi anjónir, katjónir og kísil í öllum sýnunum á rannsóknastofu Kröflustöðvar. Styrkur þungmálma, magnesíums, áls og járns og heildarkísils var greindur hjá ALS Global í Svíþjóð.

Arsen (As) hefur ætíð mælst minna í skiljuvatni en í frárennissýnum. Nú voru sérstök sýni tekin til efnagreininga á arseni með breyttri geymsluaðferð. Í stað þess að sýra sýnin með saltpétursýru (HNO_3) voru þau blásin með argon gasi til þess að losna við H_2S . Með þessari geymsluaðferð greindust mun hærri gildi í skiljuvatnssýnunum en í sýrðum sýnum og voru gildin nú í samræmi við mældan styrk í frárennissýnunum.

Lýsing á meðhöndlun sýna og efnagreiningaaðferðum er birt í viðauka 1.

Upplýsingar um afköst og vermi borhola voru fengnar hjá Huldu Kristínu Helgadóttur en þær upplýsingar eru notaðar til þess að reikna styrk og flæði efna úr borholum.

Niðurstöður efnagreininga voru skráðar á tölvutækt form, og var forritið ViewData (útgáfa V1.65) notuð til úrvinnslu gagna við gerð skýrslunnar (Kemía 2010). Allar mæliniðurstöður eru aðgengilegar í ViewData.

Verkið var unnið samkvæmt samningi 2396 um ráðgjafabjónustu. Verkefnisstjóri var Ásgerður K. Sigurðardóttir.

2 ÞEISTAREYKIR

Af 15 vinnsluholum á Þeistareykjum voru aðeins 6 holur blásandi og tengdar þegar sýni voru tekin til árlegs eftirlits í maí 2021. Uppsett afl á Þeistareykjum er 90 MW, en á þessum tíma var framleiðslan 56 MW.

Dregið hafði verið úr framleiðslu til að stemma stigu við auknum meðburði sem var að skila sér inn á vél 1 vegna óhreinnar gufu frá C-teigi. Þetta var lagað síðar þetta sumar með uppsetningu blöndunarleggs þar sem vatn og gufa frá A og C teig blandast áður en það fer inn á skiljur.

Staðsetning borholanna er sýnd á eftirfarandi loftmynd. Tvær safnæðar liggja að skiljustöðinni. Önnur frá A-teigi þar sem holur ÞG-01, ÞG-04, ÞG-05, ÞG-13 og ÞG-17 voru tengdar og blásandi. Hin frá C-teigi þar sem hola ÞG-03 var tengd og blásandi.



Mynd 1 Peistareykjastöð. Gufuborholur 2021 (Orkustofnun borholuskrá).

2.1 AFKASTAMÆLINGAR

2.1.1 Afköst borhola


Þegar sýnin voru tekin í júní árið 2021 voru 6 holur tengdar stöðinni. Mælingar á afköstum eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1 Þeistareykjastöð, afköst tengdra borhola sumarið 2021.


Nafn	Teigur	Dags.	Topp	Heildar	
			Þrýstingur (barg)	Vermi kJ/kg	Rennsli kg/s
ÞG-1	A	2021-05-19	19,04	1727	20,9
ÞG-4	A	2021-05-19	20,81	2689	35,6
ÞG-05B	A	2021-05-20	16,22	1227	56,3
ÞG-13	A	2021-05-20	22,78	2056	17,0
ÞG-17	A	2021-05-19	31,3	2258	32,8
ÞG-3	C	2021-05-19	27,19	2497	13,6
		Samtölur		1952	176,2

Þróun afkasta borhola á A-teigi er sýnd á myndum 2, 3 og 4 og á C-teigi á myndum 4, 6 og 7. Það mæti nefna að hert hefur verið að holum til að hækka holutoppþrýsting sem getur haft áhrif á afköstin til lækkunar, sérstaklega ef vatnsrennsli úr holunum er mikið (vermi lágt). Í júlí 2020 voru stjórnblendur minnkaðar sem hér segir: ÞG-01 úr 110 mm í 80 mm ÞG-17 úr 105 mm í 90 mm, ÞG-05 úr 120 mm í 110 mm, ÞG-13 úr 100 mm í 90 mm og ÞG-4 úr 150 mm í 130 mm. Ekki var hert að Þ-03.


Myndir 8 og 9 sýna vegið meðaltal vermis og rennsli gufu og vatns úr tengdum og blásandi holum á Þeistareykjum. Þegar sýni voru tekin þá var framleiðsla óvenjulega lítil og nokkrar holur lokaðar. Seinna um haustið var framleiðslan sett á fullt.




Mynd 2 Borholur á A-teigi. Vermí samkvæmt afkastamælingum.




Mynd 3 Borholur á A-teigi. Gufurennslí á móti tíma.




Mynd 4 Borholur á A-teigi. Rennsil skiljuvatns á móti tíma.



Mynd 5 Borholur á B og C-teigi. Vermí samkvæmt afkastamælingum.




Mynd 6 Borholur á B og C-teigi. Rennsilí gufu á móti tíma.



Mynd 7 Borholur á B og C-teigi. Rennsil skiljuvatns á móti tíma.



Mynd 8 Þeistareykjastöð, allar tengdar holur. Vegið meðaltal vermis.



Mynd 9 Þeistareykjastöð, allar tengdar holur. Vegið meðaltal gufu- og vatnsrennslis.

2.2 EFNAMÆLINGAR

2.2.1 Vatn og gufa úr borholum

Niðurstöður efnagreininga á vatni og gufu úr borholum á Þeistareykjum, sem safnað var í eftirliti 2021, eru varðveittar í gagnagrunni ViewData.

Reiknaður efnastyrkur í gufu og vatni við skiljuþrýsting 8,5 barg er sýndur í töflu 2. Í töflunni kemur fram styrkur allra helstu efna sem og rennsli gufu og vatns í hverri holu. Styrkur þungmálma í skiljuvatni frá holunum er sýndur í töflu 3. Arsen (As) mældist hátt í skiljuvatninu. Styrkurinn er yfir viðmiðunargildum fyrir mengun yfirborðsvatns en þar sem öllu skiljuvatni er fargað niður um borholur þá kemur það ekki að sök. Zink (Zn) var ekki efnagreint því sýnin spilltust.

Í töflu 4 er tekið saman yfirlit um gasstyrk í gufu úr holunum ásamt gassamsetningu og hversu mikið gas streymir úr hverri holu. Meðaltal gass í gufu inn á hverfil reiknast um 0,21% sem er sami styrkur og árið 2020. Afköst borhola og gufustreymi var minna en árið 2020 og gasstreymi inn í stöðina minna eða 0,19 kg/s samanborið við 0,23 kg/s árið 2020. Stöðin var aðeins keyrð á hálfum afköstum og allar holur á C-teigi nema ÞG-03 voru lokaðar.

Í töflu 5 er sýndur reiknaður hiti í holunum miðað við efnajafnvægi í berginu. Í hávermisholum á C-teigi (ÞG-03) er ekki hægt að reikna hitann því kísilstyrkurinn er meiri en svo að hann geti verið efnajafnvægi við kvars.

Í töflu 6 er sýndur kísilstyrkur og mettnarhlutfall kísils í borholuvatni bæði við holutopp og í veitu. Yfirmettun kísils er mest í holu ÞG-03 á C-teigi en einnig reiknast mikil yfirmettun í vatni úr holu ÞG-17 á A-teigi.

Á myndum 10 til 19 eru dregnir upp ferlar gasstyrk í gufu og styrk uppleystra efna í skiljuvatni fyrir holur á A-teigi annars vegar og C og B-teigi hins vegar.

Vegið meðaltal CO₂ og H₂S styrks í gufu úr blásandi holum er sýnt á mynd 20. Styrkurinn hefur verið nokkuð stöðugur frá því virkjunin var gangsett eða um 1400 - 1500 mg/kg CO₂ og 600 - 650 mg/kg H₂S en nú varð lítilsháttar minnkun. Aukning hefur orðið í styrk áls (Al) í holu ÞG-04 og á sama tíma hefur styrkur klóríðs (Cl) minnkað.

Tafla 2 Þeistareykjastöð, borholur. Styrkur aðalefna í vatni og gufu árið 2021

Staður	Tími	Skilja	Gufa							Vatn															
			Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	Rennsli	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Fe	Al	F	Cl	SO ₄	B	
			kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	kg/s		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
ÞG-01	A	2021-05-19	1727	10,1	817	273	10,8	10,9	0,26	0,08	10,8	9,00	9,7	13,1	758	113,1	22,3	0,21	0,010	0,003	1,97	0,88	86,5	31,2	1,24
ÞG-04	A	2021-05-19	2689	34,1	297	728	41,1	15,4	0,61	0,66	1,5	8,71	2,4	23,8	695	68,3	13,2	0,15	0,005	0,024	2,86	1,98	38,2	46,1	9,44
ÞG-05	A	2021-05-19	1227	13,2	1477	266	1,5	18,5	0,51	0,48	43,1	9,24	28,0	20,5	624	133,2	23,1	0,60	0,002	0,004	1,82	1,36	58,2	51,0	0,69
ÞG-13	A	2021-05-19	2056	11,0	2462	680	28,8	14,2	0,97	0,40	6,0	8,97	30,0	33,5	842	123,0	26,1	0,29	0,001	0,003	1,88	1,23	74,8	59,9	1,43
ÞG-17	A	2021-05-20	2258	24,4	2042	564	13,6	17,8	0,61	0,37	8,4	8,70	14,9	16,4	1067	100,5	24,2	0,15	0,001	0,005	2,34	1,12	85,2	26,8	1,67
ÞG-03	C	2021-05-20	2497	11,7	1137	525	24,5	6,3	0,52	0,19	1,9	9,02	15,1	28,2	1034	132,3	28,5	0,37		0,005	2,90	1,73	68,0	92,5	3,00
		Samtals	1952	104,5	1226	559	23,6	14,8	0,59	0,43	71,7	8,94	23,0	20,3	727	124,1	23,3	0,45	0,003	0,004	1,96	1,27	66,8	46,9	1,19
		A-teigur	1906	92,8	1237	564	23,5	15,9	0,60	0,46	69,9	8,92	23,2	20,0	718	123,9	23,1	0,45	0,003	0,004	1,93	1,26	66,8	45,7	1,14
		C-teigur	2497	11,7	1137	525	24,5	6,3	0,52	0,19	1,9	9,02	15,1	28,2	1034	132,3	28,5	0,37		0,005	2,90	1,73	68,0	92,5	3,00

Reiknað við skiljuþrýsting 8,5 barg.

Tafla 3 Þeistareykjastöð, borholur. Þungmálmur í skiljuvatni árið 2021.

Staður	Tími	P	Cr	Ni	Cu	Zn ¹⁾	As	Cd	Hg	Pb
		mg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg
ÞG-01	2021-05-19	<0,001	<0,01	0,143	<0,1		21	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-04	2021-05-19	0,001	0,293	0,109	<0,1		159	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-05	2021-05-19	<0,001	<0,01	0,089	<0,1		6	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-13	2021-05-19	0,001	<0,01	0,125	<0,1		6	0,002	<0,002	<0,01
ÞG-17	2021-05-20	0,003	<0,01	0,121	<0,1		28	0,004	<0,002	<0,01
ÞG-03	2021-05-20	<0,001	<0,01	0,117	<0,1		243	<0,002	<0,002	<0,01

¹⁾ Zn var ekki efnagreint því sýnin spilltust.

Tafla 4 Þeistareykjastöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2021.

Staður	Teigur	Tími	Gufa		Gas							
			Rennsli	í gufu	rennsli	hlutfall	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar
			kg/s	w%	kg/s	l/kg	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%
ÞG-01	A	2021-05-19	10,1	0,11	0,01	0,79	57,39	24,73	16,61	1,20	0,05	0,01
ÞG-04	A	2021-05-19	34,1	0,11	0,04	1,20	13,77	43,50	41,50	1,12	0,08	0,03
ÞG-05	A	2021-05-19	13,2	0,18	0,02	1,05	78,38	18,21	1,75	1,54	0,07	0,03
ÞG-13	A	2021-05-19	11,0	0,32	0,03	2,22	61,64	21,98	15,74	0,56	0,07	0,01
ÞG-17	A	2021-05-20	24,4	0,26	0,06	1,72	65,93	23,50	9,59	0,91	0,05	0,01
ÞG-03	C	2021-05-20	11,7	0,17	0,02	1,31	48,14	28,69	22,67	0,42	0,06	0,01
		Samtölur	104,5	0,21	0,19	1,53	54,21	27,06	17,71	0,93	0,06	0,02

Reiknað við skiljuþrýsting 8,5 barg


Tafla 5 Þeistareykjastöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2021.

Staður	Teigur	Tími	Vermi	tSiO ₂ q	tNa/K	tCO ₂	tH ₂ /H ₂ S
			kJ/kg	°C	°C	°C	°C
ÞG-01	A	2021-05-19	1727	278	284	182	297
ÞG-04	A	2021-05-19	2689	252	282	118	301
ÞG-05	A	2021-05-19	1227	260	270	211	264
ÞG-13	A	2021-05-19	2056	289	292	245	298
ÞG-17	A	2021-05-20	2258	328	301	241	289
ÞG-03	C	2021-05-20	2497		293	217	300


Tafla 6 Þeistareykjastöð, kísilstyrkur og mettunarhlutfall kísils í borholuvatni.

Staður	Teigur	Tími	Vermi	Skiljuv. Rennsli	Holut ¹⁾ SiO ₂	Stofn ²⁾ SiO ₂	Al	SSI
			kJ/kg	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	
ÞG-01	A	2021-05-19	1727	10,8	748	758	1,97	0,96
ÞG-04	A	2021-05-19	2689	1,5	638	695	2,86	0,88
ÞG-05	A	2021-05-19	1227	43,1	617	624	1,82	0,79
ÞG-13	A	2021-05-19	2056	6,0	818	842	1,88	1,06
ÞG-17	A	2021-05-20	2258	8,4	998	1067	2,34	1,34
ÞG-03	C	2021-05-20	2497	1,9	892	1034	2,90	1,30


¹⁾ Mæling við holutopp. ²⁾ Reiknað við skiljuþrýsting 8,5 barg.




Mynd 10 Borholur á A-teigi. CO₂ í gufu á móti tíma.




Mynd 11 Borholur á A-teigi. H₂S í gufu á móti tíma.




Mynd 12 Borholur á A-teigi. SiO₂ í vatni á móti tíma.




Mynd 13 Borholur á A-teigi. Al í vatni á móti tíma




Mynd 14 Borholur á A-teigi. Cl í vatni á móti tíma.




Mynd 15 Borholur á B og C-teigi. CO₂ í gufu á móti tíma.




Mynd 16 Borholur á B og C-teigi. H₂S í gufu á móti tíma.




Mynd 17 Borholur á B og C-teigi. SiO₂ í vatni á móti tíma.



Mynd 18 Borholur á B og C-teigi. Al í vatni á móti tíma.




Mynd 19 Borholur á B og C-teigi. Cl í vatni á móti tíma.



Mynd 20 CO₂ og H₂S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.

2.2.2 Vinnslurás

Eftirfarandi flæðirit fyrir Þeistareykjastöð sýnir stöðuna þegar sýnum var safnað til efnagreininga.



Mynd 21 Flæðirit fyrir Þeistareykjastöð í maí 2021

Holur á C-teigi eru tengdar skilju 1 og holur á A-teigi eru tengdar skilju 2. Holurnar á A-teigi eru mun afkastameiri og streymir því skiljuvatn og gufa um jöfnunarlegg úr skilju 2 í skilju 1. Gufa úr skilju 1 er tengd inná vél 1 og úr skilju 2 inná vél 2. Skiljuvatn frá báðum skiljum er sameinað og blandast við þéttivatn frá stöðinni og rennur niður í holur á niðurrennsliðssvæði.

Gassamsetning gufu inn á vélar var einnig efnagreind og er samsetning gassins sýnd í töflu 7. Samsetning útblástursgass er sýnd í töflu 8. Hlutfall súrefnis og köfnunarefnis í útblástursgasinu er mælikvarði á loftleka í eimsvala en súrefni mældist 1,73% í gasi frá vél 1 og 1,72% frá vél 2. Miðað við aukningu köfnunarefnis í útblástursgasinu var loftlekinn um 10,2 l/s í vél 1 og 10,5 l/s í vél 2.

Sýni voru tekin af kælivatni bæði úr eimsvala og kæliturnum og eru niðurstöður sýndar í töflu 8. Ferskvatni er dælt á kæliturnana og hækkar styrkur steinefna í kælivatninu vegna uppgufunar.

Tafla 7 Þeistareykjastöð, efnagreining gufu, sýnataka 2021-05-17.

Staður	Gufa							Gas
	Rennsli ¹⁾	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	hlutfall
	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	w%
HP-gufa 1	48,8	1381	526	24,3	17,5	0,63	0,50	0,19
HP-gufa 2	49,9	1334	532	24,2	16,7	0,45		0,19
Samtölur	98,7	1357	529	24,2	17,1	0,54	0,25	0,19

¹⁾Mælt inná vélar

Tafla 8 Þeistareykjastöð, efnagreining gass, sýnataka 2021-05-17 og 2021-05-18.

	NCG	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂	N ₂	CH ₄	Ar
Staður	l/s	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%
HP-gufa 1	71,1	52,70	25,92	20,23		1,05	0,07	0,02
HP-gufa 2	71,5	51,75	26,65	20,53		1,02	0,05	
Gas 1		43,74	23,92	19,82	1,73	10,68	0,04	0,06
Gas 2		43,70	23,34	20,16	1,72	10,92	0,06	0,10

2.2.3 Frárennsli

Stöðin framleiddi 56 MW þegar sýnin voru tekin. Gufustreymi inn á vélar var 99 kg/s og styrkur CO₂ 1357 mg/kg og H₂S 529 mg/kg. Losun CO₂ frá stöðinni reiknast 8,5 g/kWh og losun H₂S 3,3 g/kWh.

Frárennsli skiljuvatns í skiljustöðinni mældist um 75 kg/s. Þéttivatni er blandað í skiljuvatnið og lækkar hitastigið við það úr 178 °C í 95 °C. Vatnið rennur síðan niður í niðurrennslisholur og mældist rennslið vera 150 l/s. Tekin voru efnasýni af skiljuvatni úr báðum skiljum og einnig úr blöndunni sem rennur í holur og eru niðurstöður sýndar í töflu 9. Styrkur kísils er við mettunarmörk en styrkur óklofins kísils er undir mettunarmörkum í niðurdælingarblöndunni, sjá mynd 22.

Sýni voru tekin úr hitaveituholu, PR-14 og eru niðurstöður sýndar í töflu 10.

Pungmálmar voru greindir í kælivatns og frárennslissýnum og eru niðurstöður í töflu 11. Til samanburðar er birt tafla 12, sem notuð er til að flokka yfirborðsvatn m.t.t. mengandi efna. Þau gildi sem eru hærrí en mörk fyrir fyrsta flokk eru feitletruð og rauðlituð í töflunni. Styrkur arsens (As) í skiljuvatninu og niðurrennslisvatninu fer yfir mörk. Styrkur fosfórs (P) í ferskvatni sem og í kælivatni mælist langt yfir mörkum og einnig mælist styrkur króms (Cr) og kopars (Cu) yfir mörkum í kælivatninu. Fosfór leysist úr jarðlögum og er náttúrulega mikill í grunnvatni á svæðinu en króm og kopar leysast úr lagnakerfi stöðvarinnar. Vatni frá kæliturnum er fargað í grunna borholu við stöðina og hefur því ekki áhrif á lífríki á yfirborði.

Tafla 9 Efnasamsetning vatns í Þeistareykjastöð 2021.

Staður	Tími	Rennsli	Hitastig	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Al	Fe	F	Cl	SO ₄	B	Rafleiðni	SS
		kg/s	°C		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	µS/cm	mg/kg
Ferskvatn	2021-05-18		7,6	8,36	32		23,3	10,1	1,01	7,37	3,67	0,005	0,002	0,10	4,81	9,8	<0,01		
Kæliturn 1	2021-05-18		23,1	8,24	44		33,2	17,1	1,38	10,04	5,02	0,011	0,007	0,12	11,5	15,8	0,016		
Kæliturn 2	2021-05-18		23,2	8,21	38		27,8	14,5	1,16	9,37	4,49	0,009	0,005	0,13	9,46	13,5	0,013		
Eimsvali 1	2021-05-18		33,6	6,75	0,8		<0,06	0,02	<0,4	<0,1	0	0,001	0,005		0	0,3	0,014		0,0
Eimsvali 2	2021-05-18		32,8	5,86	0,8		<0,06	<0,1	<0,4	<0,1	0	0	0,007			0,3	0,014		0,0
Gaskælir 1	2021-05-20		20,2	4,08	751	801	0,09	0,06	0,02	<0,1	0,009	0,002	0,025		0,01	1,3	0,016	48	0,3
Gaskælir 2	2021-05-20		20,2	4,09	634	684	<0,06	0,07	0,02	<0,1	0,002	0,003	0,008	0,00	0,04	0,7	0,013	37	0,0
Skiljustöð 1	2021-05-17	50	176,1	8,73	29	63	722	120	22,17	0,28	0,002	1,87	0,005	1,30	64,9	62	1,20	424	0,1
Skiljustöð 2	2021-05-17	25	176,4	8,80	35	64	713	121	22,43	0,37	0,002	2,05	0,006	1,31	64,9	68	1,23	401	0,0
Niðurrennsli	2021-05-18	150	95,0	8,37	27	40	342	59	10,88	0,14	0,001	0,93	0,004	0,62	30,1	18	0,58	260	0,0

Tafla 10 Þeistareykjastöð. Hitaveituhola PR-14.

Tími	Skilja	Gufa							Vatn															
	Vermi	Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	NH ₃	Rennsli	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Fe	Al	F	Cl	SO ₄	B	
	kJ/kg	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	kg/s		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
2021-05-20	956	0,15	969	234	0,2	10,3	0,09	0,2	0,85	9,48	24,9	19,86	352,7	114,8	10,6	1,08	0,001	0,004	1,088	0,76	39,9	33,5	0,58	

Tafla 11 Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Þeistareykjastöð 2021.

Nafn	Tími	PO ₄	NH ₃	NO ₃	P	Cr	Ni	Cu	Zn	As	Cd	Hg	Pb
		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg
Ferskvatn*)	2021-05-18	0,223		0,034	0,088	0,725	0,134	0,803		0,129	<0,002	<0,002	<0,01
Kæliturn 1	2021-05-18	0,126		0,021	0,126	1,38	0,165	2,28		0,21	<0,002	<0,002	0,014
Kæliturn 2	2021-05-18	0,009		0,016	0,104	1,15	0,164	1,49		0,118	<0,002	<0,002	<0,01
Eimsvali 1	2021-05-18		0,048	0,016	<0,001	<0,01	0,076	<0,1		<0,05	<0,002	<0,002	<0,01
Eimsvali 2	2021-05-18		0,033	0,045	<0,001	<0,01	<0,05	<0,1		<0,05	<0,002	<0,002	<0,01
Gaskælir 1	2021-05-20		0,056	0,009	0,001	0,604	0,852	<0,1		0,322	<0,002	0,015	<0,01
Gaskælir 2	2021-05-20	0,003	0,049	0,006	0,002	0,169	0,569	0,104		0,058	<0,002	0,031	<0,01
Skiljustöð 1	2021-05-17	0,087	0,02	0,004	<0,001	0,024	0,076	<0,1		13,7	<0,002	<0,002	<0,01
Skiljustöð 2	2021-05-17	0,006	0,007	0,105	0,001	0,114	0,062	<0,1		20,5	<0,002	<0,002	<0,01
Niðurrennsli	2021-05-18	0,003	0,021	0,025	<0,001	0,041	0,059	<0,1	<0,2	13,9	<0,002	<0,002	<0,01
Hitaveita ÞR-14	2021-05-20	0,003	0,016	0,012	<0,001	0,11	0,106	<0,1		7,53	<0,002	<0,002	<0,01

*) Sýnatökugrind 1.

Tafla 12 Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.

	Hg	Zn	Cu	Cr	Ni	Cd	Pb	As	P
	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	mg/kg
Flokkur I <		5	0,5	0,3	0,7	0,01	0,2	0,4	0,02
Flokkur II <		20	3	5	1,5	0,1	1	5	0,04
Flokkur III <		60	9	15	4,5	0,3	3	15	0,09
Flokkur IV <		300	45	75	22,5	1,5	15	75	0,15
Flokkur V >	1	300	45	75	22,5	1,5	15	75	0,15

Umhverfismörk I: Mjög lítil eða engin hættu á áhrifum.


Umhverfismörk II: Lítil hættu á áhrifum.

Umhverfismörk III: Áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki.

Umhverfismörk IV: Áhrifa að vænta.

Umhverfismörk V: Ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/þynningarsvæði.

(Reglugerðir 796/1999 og 800/1999)



Mynd 22 Þeistareykjastöð. Kísilmettun í niðurdælingarvatni.

3 KRAFLA

Síðan virkjun Kröflu hófst árið 1974 hefur verið boruð 41 hola til gufuöflunar á svæðinu. Nú er 21 gufuborhola tengd Kröflustöð og tvær gufuborholur eru nýttar sem niðurdælingarholur. Orkuframleiðslan hófst með ræsingu vélarsamstæðu eitt árið 1977 og vélarsamstæðu tvö árið 1997. Þegar holurnar voru aflmældar og sýni tekin til árlegs eftirlits í maí 2021 voru 15 holur blásandi. Staðsetning borholanna er sýnd á eftirfarandi loftmynd. Fimm safnæðar liggja að skiljustöðinni. Lágprýstar holur, KG-05, KG-24 og KJ-06 í Leirbotnum er tengdar inná lágprýstiskiljur. Háprýstar holur í Leirbotnum, KJ-13 og, KJ-27 eru tengdar inná safnkistu fyrir háprýstiskiljur. Safnæð liggur frá Suðurhlíðum og tengir holur KJ-14, KJ-16, KJ-17, KJ-19, KJ-20, KJ-30, KJ-31 og KJ-37 við háprýstiskiljur. Frá Vesturhlíðum liggur önnur lögn sem tengir holur KJ-32, KJ-33, KJ-34, KJ-36, KJ-38, KT-40 og K-41. Fimmta lögnin liggur frá Hvíthólsvæðinu og tengir holu KJ-21 við háprýstiskiljur.

Þegar sýnum var safnað úr holunum voru holur KG-05, KJ-21, KG-24, KJ-27, KJ-33 og KJ-37 lokaðar. Tvær holur voru notaðar til niðurdælingar, KG-26 og KJ-39.

Á mynd 25 eru einnig sýndir sýnatökustaðir fyrir frárennsli frá stöðinni. Þ.e. úr læk frá skiljustöð, úr læk frá kæliturnum og úr V-yfirfalli þar sem sameinað vatn frá svæðinu rennur niður Dallæk.



Mynd 23 Tengdar og blásandi borholur í Kröflu árið 2021 (Orkustofnun-borholuskrá).

3.1 AFKASTAMÆLINGAR

3.1.1 Afköst borhola

Þegar sýnin voru tekin í júní árið 2021 voru 15 holur tengdar stöðinni. Mælingar á afköstum eru sýndar í töflu 13.


Tafla 13 Kröflustöð, afköst tengdra borhola sumarið 2021.

Staður	Svæði	Dags	Topp	Heildar	
			Þrýstingur (barg)	Vermi kJ/kg	Rennsli kg/s
KJ-6	Leirbotnar	2021-06-09	5,24	1073	47,0
KJ-13	Leirbotnar	2021-06-30	10,40	1261	31,5
KJ-14	Suðurhlíðar	2021-07-05	10,86	2740	4,3
KJ-16	Suðurhlíðar	2021-06-30	17,61	2570	2,3
KJ-17	Suðurhlíðar	2021-06-30	15,54	2558	4,4
KJ-19	Suðurhlíðar	2021-06-30	10,39	2646	3,8
KJ-20	Suðurhlíðar	2021-07-01	11,9	2627	4,8
KJ-30	Suðurhlíðar	2021-06-30	16,77	2713	8,0
KJ-31	Suðurhlíðar	2021-07-05	9,77	2780	0,6
KJ-32	Vesturhlíðar	2021-06-29	10,32	1102	46,4
KJ-34	Vesturhlíðar	2021-06-21	17,65	2347	15,4
KJ-36	Vesturhlíðar	2021-07-07	39,53	2685	10,1
KJ-38	Vesturhlíðar	2021-07-07	31,76	1956	9,0
KT-40	Vesturhlíðar	2021-07-06	26,3	2764	18,8
KJ-41	Vesturhlíðar	2021-07-05	21,66	2778	6,2
		Samtölur		1723	212,7


Þróun afkasta borhola er sýnd á myndum 24 til 32. Myndir 33 og 34 sýna vegið meðaltal vermis og samtals rennsli gufu og vatns úr tengdum og blásandi holum í Kröflu.

Hola KJ-30 í Suðurhlíðum og hola KJ-34 í vesturhlíðum hafa minnkað verulega í afli undanfarin ár. Þær minnkuðu einnig mikið milli ára núna. Þetta voru lengi afkastamestu holurnar í Kröflu og munar mikið um þær. Árið 2020 var hert að holunum til þess að athuga hvort það myndi draga úr dvínun holanna og þar með útfellingarhættu í þeim. Þetta hefur ekki haft mikil áhrif á þessa þróun enda eru holurnar með hátt vermi. Hola KJ-30 er leiðaralaus við aðalæðina og leiðari í holu KJ-34 er mikið skemmdur vegna tæringar. Þess vegna er ekki ráðlegt að loka og opna fyrir holurnar að óþörfu.


Nú voru vatnsmiklar holur hvíldar til þess að minnka losun skiljuvatns í Dallæk. Síðan um mitt ár 2013 hefur hola KJ-39 verið nýtt sem niðurdælingarhola. Dregið hefur verið verulega úr því eftir að vísbendingar komu fram sem sýndu að hún hafði neikvæð áhrif á afköst borhola í Suðurhlíðum. Hola KJ-26 hefur verið aðal niðurdælingarhola skiljuvatns Kröflustöðvar síðan 2002. Árið 2017 voru framkvæmdar rennismælingar í holunni sem sýndu að dregið hafði verulega úr rennsli niður fyrir 1840 m en helsta æð holunnar hafði áður verið í botni holunnar í um 2115 m. Svipað magn af skiljuvatni er að fara ofan í holuna og verið hefur en rennslið er að mestu að fara út í 1700-1750 m (Þorsteinn Egilson, 2017).




Mynd 24 Leirbotnar. Vermí samkvæmt afkastamælingum.




Mynd 25 Leirbotnar, gufurennslí úr holum.




Mynd 26 Leirbotnar, vatnsrennsli úr holum.




Mynd 27 Suðurhlíðar, vermi samkvæmt afkastamælingum.




Mynd 28 Suðurhlíðar, gufurennslí úr holum.




Mynd 29 Suðurhlíðar, vatnsrennsli úr holum.




Mynd 30 Vesturhlíðar, vermi samkvæmt afkastamælingum.




Mynd 31 Vesturhlíðar, gufurennslí úr holum.



Mynd 32 Vesturhlíðar, vatnsrennsli úr holum.



Mynd 33 Vegið meðaltal vermis úr blásandi borholum í Kröflu.



Mynd 34 Samtals gufu og vatnsrennsli úr blásandi borholum í Kröflu.

3.2 EFNAMÆLINGAR

3.2.1 Vatn og gufa úr borholum

Niðurstöður efnagreininga á vatni og gufu úr borholum í Kröflu, sem safnað var í eftirliti 2021, eru varðveittar í gagnagrunni ViewData.

Reiknaður efnastyrkur í gufu og vatni við skiljuþrýsting er sýndur í töflu 14. Fyrir lágvermisholurnar er miðað við 1,2 barg skiljuþrýsting og 7,0 barg þrýsting fyrir hávermisholur. Í töflunni kemur fram styrkur allra helstu efna sem og rennsli gufu og vatns í hverri holu.

Styrkur þungmálma í skiljuvatni frá holunum er sýndur í töflu 15. Styrkur arsens (As) er yfir viðmiðunarmörkum fyrir losun vatns á yfirborði en þar sem nánast öllu skiljuvatni var fargað niður um borholur þá kemur það ekki að sök. Zink (Zn) var ekki efnagreint því sýnin spilltust.

Í töflu 16 er tekið saman yfirlit um gasstyrk í gufu ásamt gassamsetningu og hversu mikið gas streymir úr hverri holu.

Meðaltal gass í gufu inn á hverfil, þ.e. bæði háþrýsti og lágþrýstigufu, reiknast um 0,74%, sem er svipað og árið 2020 en þá var styrkurinn 0,75%. Heildargasstreymi inn í stöðina reiknast 0,88 kg/s en reiknaðist 0,87 kg/s árið 2020.

Reiknaður berghiti árið 2021 er sýndur í töflu 17.

Á myndum 35 til 41 eru dregnir upp ferlar fyrir styrk efna í gufu og vatni úr borholum á móti tíma.

Gasstyrkur úr holum í Vesturhlíðum hefur verið að minnka frá upphafi vinnslu úr svæðinu. Meiri gasminnkun varð árin 2029 til 2020. Mögulega hefur niðurdæling í holu KJ-39 haft áhrif en gasminnkunin gekk lítilega til baka í ár.

Vegið meðaltal CO₂ og H₂S styrks í gufu úr blásandi holum frá upphafi vinnslu er sýnt á mynd 42.

Tafla 14 Kröflustöð. Styrkur efna í vatni og gufu borhola árið 2021.

Staður	Tími	Skilja Vermi	Gufa							Vatn														
			Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	Rennsli	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Fe	Al	F	Cl	SO ₄	B
		KJ/kg	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	kg/s		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
KJ-06	2021-06-07	1073	11,89	1000	194	4,3	12,2	0,83	0,35	35,2	9,64	41,7	19,7	529	233	29,3	2,63		0,007	1,24	1,34	32	254	0,46
KJ-13	2021-06-07	1261	8,30	1515	412	11,4	3,9	0,28	0,06	23,2	9,36	37,9	39,5	614	234	32,7	3,14	0,001	0,001	1,39	1,49	49	250	0,89
KJ-14	2021-06-07	2740	4,26	7147	876	52,4	0,7	0,08	0,09	0,1	9,12	142,3	67,4	1086	288	55,2	1,12	0,002	0,005	0,61	6,01	138	64	15,10
KJ-20	2021-06-08	2627	4,42	11318	1416	54,0	12,5	1,90	0,25	0,3	8,93	151,7	72,9	965	264	45,8	1,89		0,003	0,86	2,14	199	47	3,61
KJ-31	2021-06-08	2780	0,57	7063	1540	78,4	13,0	0,90																
KJ-30	2021-06-08	2713	7,81	6219	1301	44,4	11,6	0,47		0,2	8,86	72,8	58,1	1085	273	51	2,98	0,001	0,002	0,71	3,76	251	79	13,06
